

Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra – Hvamms

10.12.20

Mætt á TEAMS: Kristján Þór Magnússon, Heiðbjört Ólafsdóttir, Bylgja Steingrímsdóttir, Aðalsteinn J. Halldórsson, Arnór Benónýsson, Sigurður Böðvarsson, Jón Helgi Björnsson, Áslaug Halldórsdóttir.

Gestir: Fanney Hreinsdóttir og Hróðný Lund

Fundur settur 14:30.

1. Jón Helgi framkvæmdastjóri fór yfir stöðu rekstrar í stuttu máli, góður árangur hefur náðst sl. mánuði rekstri til bóta. Vonast er til að stjórnvöld auki fjárheimildir til fjölgunar hjúkrunarrýma á landsvísu, sem vekur bjartsýni á að hjúkrunarrýmum fjölgi á Húsavík fyrr en ella. Upplýsti framkvæmdastjóri um að gerð hefði verið verðfyrirspurn vegna þvottþjónustu. Þrjú aðilar svöruðu og niðurstaðan að leitað verði til Fatahreinsunar Húsavíkur til áframhaldandi þjónustu byggt á grundvelli verðkönnunarinnar.
2. Fullbúin fjárhagsáætlun mun liggja fyrir um miðjan janúar 2021.
3. Kristján Þór stjórnarformaður fór yfir stöðuna á hjúkrunarheimilisuppbyggingunni, sýndi 3D líkan af heimilinu sem nýtast mun vel til áframhaldandi þróunar þess. Ferlið á áætlun og næstu skref verða að ljúka hönnun og útbúa jarðvegsskiptaútboð í febrúar/mars 2021. Einnig er áætlað að hafa upplýsingafund um stöðu mála í janúar. Kristján leitaði eftir fullum stuðningi áfram sem tengiliður stjórnar varðandi uppbygginguna. Fékk hann óskorað umboð til áframhaldandi starfa í þágu verkefnisins frá stjórn DA.
4. Kristján Þór óskar eftir að einhvers konar form af tímalínu/hugmyndaáætlun/verkáætlun verði sett upp til 2ja ára, um notkunarmöguleika núverandi húsnæðis Hvamms er nýtt hjúkrunarrými leysir það af. Bent var á að þessi umræða ætti mögulega góðan farveg í gegnum héraðsnefndarstarfið eftir frekari umræðu á sveitarstjórnarstiginu. Kristjáni falið að búa til erindi sem sent verður á sveitarfélögin í janúar 2021 og hann fylgi eftir svo umræðan fari sem fyrst af stað.
5. Undir þessum lið komu inn á fundinn Fanney Hreinsdóttir og Hróðný Lund til að ræða möguleg tækifæri til úrbóta gagnvart dagvistarrýmum fyrir heilabilaða. Fram kom í máli þeirra að leggja þyrfti aukna áhersu á að heilabilaðir hér á svæðinu fái notið sérlausna varðandi húsnæði og þjónustu. Þ.e.a.s. mögulega sérstaka dagvistardeild fyrir heilabilaða og ýmsa aukna sérþjónustu. Þessar lausnir þurfi strax kanna ef vel ætti að vera. Ekki síst vegna aukinnar eftirspurnar á dagvistun. Stjórn DA felur framkvæmdastjórn í samráði við félagsþjónustu Norðurþings að forma umsókn til viðkomandi ráðuneytis þar sem vandanum er lýst og sótt er um fjármuni til að gera betur í þessum efnum.
6. Vegna mjög svo aukins álags sökum covid er formanni falið að senda starfsmönnum þakkarbréf og glaðning fyrir ákaflega vel unnin störf og þolinmæði.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl 15.45